

Föstudaginn 22. febrúar 1980.

Nr. 135/1977. **Haukur Benediktsson**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Einari M. Jóhannessyni

(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Lausafjárkaup. Sýknað af skaðabótakröfu. Vanreifun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Hinn áfrýjaða dóm hafa kveðið upp Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, og samdómsmennirnir Þorsteinn Þorsteinsson og Birgir Þórhallsson skipasmiðir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1977. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefnda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda fyrir Hæstarétti eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í héraðsdómi, skoðaði stefndi v/b Sólbjörgu, EA 142, áður en kaupin voru gerð. Stefnda var sýnt haffærisskírteini fyrir bátinn, en það bar með sér, að það gildi aðeins til 25. apríl 1974 og var því úr gildi fallið, er kaupin fóru fram. Stefnda var kunnugt um, að ágreiningur hafði komið upp milli áfrýjanda og fyrri eiganda bátsins um ástand hans. Var stefnda sýnd skoðunar- og matsgerð dómkvaddra manna frá 20. október 1973 um ástand bátsins, sem framkvæmd hafði verið vegna ágreinings þessa. Er matsgerð þessi rakin í héraðsdómi. Stefnda var einnig kunnugt um leka á bátnum. Í kaupsamningnum er tekið fram, að báturinn afhendist í því ástandi, sem hann sé, og að kaup-

anda sé kunnugt um framangreindan ágreining um ástand bátsins og leka.

Samkvæmt þessu, upplýsingum um meðferð bátsins, eftir að kaup gerðust, og málavöxtum að öðru leyti hefur stefndi ekki fært fullnægjandi sönnur á, að við afhendingu bátsins hafi kveðið meira að göllum á honum en við mátti búast, ef skoðun hefði verið jafnrækileg sem tilefni var til, sbr. 47. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Þá er ósannað, að stefndi hafi verið beittur svikum við kaupin. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Þar sem héraðsdómari neytti heimildar 3. tl. 200. gr. laga nr. 85/1936 til að kveðja til sérfróða menn til að dæma málið með sér, hefði verið rétt, að þeir sætu einnig báðir í dómi, þegar matsmenn, vitni og aðiljar gáfu skýrslur fyrir dómi.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Haukur Benediktsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Einars M. Jóhannessonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Um réttarfarsatriði er þess að geta, að stefndi Einar krafðist í héraðsstefnu skaðabóta úr hendi áfrýjanda og rökstuddi bótaskyldu hans með þeim hætti, að fullnægjandi var eftir réttarfarsreglum. Hins vegar voru rök þau, sem fram komu varðandi upphæð bóta, þannig, að ekki var unnt að dæma bætur á þeim grundvelli. Héraðsdómur, sem sérfróðir menn áttu sæti í, framkvæmdi þá mat á grundvelli framkominna gagna á tjóni stefnda Einars. Gekk dómur í samræmi við það. Með mati þessu var áætlað verðmæti báts, er málið snýst um. Þó að ýmsar upplýsingar um verðmæti bátsins séu í skjölum þeim, sem lágu fyrir héraðsdómi, er ljóst, að

aðiljar eða umboðsmenn þeirra reifuðu ekki málið í því skyni, að þetta verðmæti yrði sem réttilegast áætlað. Þá verður ekki talið, að sú málsástæða, að verðmæti bátsins hafi verið 600.000 krónur, komi fram í skjölum. Er því ekki uppfyllt skilyrði 113. gr. laga nr. 85/1936 til að byggja megi héraðsdóm á þessu atriði.

Samkvæmt þessu verður fjárhæð bóta til stefnda Einars, ef hann á bótarétt, hvorki byggð á kröfum hans í héraði né á héraðsdómi. Er málið því vanreifað, og tel ég óhjákvæmlegt að vísa því frá héraðsdómi vegna ákvæða 105., 108. og 116. gr. laga nr. 85/1936. Kemur þá ekki til álita, hvort stefndi Einar á rétt til bóta úr hendi áfrýjanda. Þá tel ég og, að vegna ákvæða 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936 verði að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. júní 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí sl., hefur Einar M. Jóhannesson, Krosshúsum, Flatey, Skjálfanda, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, þingfestri 25. mars 1976, á hendur Hauki Benediktssyni, Skarðshlíð 4, Akureyri, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2.389.029 ásamt 13% ársvöxtum af kr. 1.057.543 frá 1. apríl 1976 til 15. apríl 1976, en af kr. 1.686.040 frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ eða framlögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, og til vara, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda í báðum tilfellum.

Hinn 21. september 1976 fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda, og með úrskurði, uppkveðnum 24. september s. á., var frávísunarkröfunni hrundið, og er nú fjallað um efniskröfur aðilja.

Stefnandi lýsir málsatvikum þannig, að með kaupsamningi aðilja, dagsettum 4. júlí 1974, hafi hann keypt vélbátinn Sólbjörgu, EA 142, 10.50 brúttórúmlestir, ásamt ýmsu fylgifé, tilgreindu í samningnum. Hafi honum verið afhentur báturinn þegar í stað. Kaupverð hafi verið kr. 1.900.000, sem sumpart skyldi

greiðast með víxlum, sumpart með því, að stefnandi hafi tekið að sér að greiða áhvílandi eftirstöðvar lána við Fiskveiðasjóð Íslands og Jón Magnússon, Ólafsfirði, og loks með því, að hann hafi gefið út skuldabréf, tryggt með veði í bátnum, fyrir eftirstöðvum kaupverðsins og hafi bréfið numið kr. 579.483. Af kaupverðinu hafi stefnandi greitt kr. 160.000 í tvennu lagi, en auk þess, sem síðar greini, af láni Fiskveiðasjóðs Íslands.

Stefnandi hafi nú farið með bátinn til Flateyjar, þar sem hann hafi ætlað að gera hann út, en orðið mjög fljótt var við, að bátinum var í mjög mörgum atriðum ábótavant, en það, sem þó hafi verið alvarlegast, hafi verið, að haffærisskrteini hafði báturinn ekkert, þar sem það hafði runnið út röskum 2 mánuðum fyrir sölundag, eða 25. apríl 1974. Þegar stefnandi hafi komist að þessu, hafi hann skrifað lögmanni þeim, er haft hafi milligöngu um söluuna, en sá lögmaður hafi enn fremur haft með ýmis málefni stefnanda að gera áður. Í bréfinu hafi hann óskað þess, að bátakaup þessi yrðu tekin til endurskoðunar (rift), og kvaðst hann mundu ræða það mál nánar, þegar hann ætti þess kost, e. u. þ. b. 20. ágúst 1974. Hafi hann áamálgað þetta nokkrum sinnum við lögmanninn, án þess að nokkuð gerðist í málinu, en taldar hafi verið góðar horfur á, að þetta mætti jafna við seljandann.

Sé nú ekki að orðlengja það, að á engan hátt hafi báturinn verið þannig útbúinn, að hann væri nothæfur, og hafi aðeins fengist fárra vikna undanþága til notkunar hans.

Þegar kom fram á veturinn 1974—1975, hafi stefnandi komið með bátinn til Akureyrar og lagt honum þar við bryggju. Án hans vitundar og án nokkurrar tilkynningar hafi báturinn svo verið tekinn, þar sem hann lá, og settur upp í dráttarbraut hjá Slippstöðinni h/f og hafi þetta verið gert að undirlagi Fiskveiðasjóðs.

Í framhaldi af þessari umráðasviptingu hafi Fiskveiðasjóður síðan krafist uppboðs á bátnum vegna gjaldfallinnar afborgunar og vaxta af lánum Fiskveiðasjóðs. Þegar hér hafi verið komið, hafi lögmaður sá, er söluuna hafi haft með höndum, haft nokkra tilburði til sölu á bátnum á frjálsum markaði, en jafnframt hafi farið fram í júnímánuði viðræður á milli stefnanda og stefnda svo og Jóns Magnússonar, er átt hafi bátinn á undan stefnda og hafði veð í honum, og hafi lögmennt allra aðilja verið viðstaddir þann fund.

Á þessum fundi hafi verið reynt að finna lausn á þeim vanda, er að steðjaði með nauðungaruppboðsbeiðninni, en fyrirtekt á

uppboðinu hafi verið 4. júlí 1975. Stefnandi hafi að sínu leyti boðist til að koma lánum Fiskveiðasjóðs í skil, en að öðru leyti hafi hann ítrekað kröfu sína um að rifta kaupunum, annars hafi menn verið sammála um að reyna að selja bátinn og hafi stefnandi lagt áherslu á, að því tapi, er af leiddi, yrði jafnað niður á þessa aðilja alla þrjá. Hafi ekki ólíklega verið tekið undir það.

Næst, eða 30. júní 1975, hafi verið greiddar inn hjá bæjarfógetaembættinu á Akureyri kr. 63.694, sem samkvæmt símleiðis upplýsingum starfsmanns Fiskveiðasjóðs hafi verið áfallnar afborganir, vextir og dráttarvextir af þeim þrem lánum, er sjóðurinn átti veð fyrir í bátnum, svo og hafi verið greiddur uppboðskostnaður, kr. 2.020. Þrátt fyrir þessa greiðslu hafi verið tregða á því af hálfu Fiskveiðasjóðs að afturkalla uppboðið, án þess að fullnægjandi skýringar fengjust þó á þeirri tregðu.

Sölutilraunir hafi ekki borið árangur og af hálfu uppboðsbeiðanda hafi verið krafist uppboðs á bátnum í þinghaldi 3. október 1975, og skyldi það fram fara 24. október. Á því uppboðsþingi hafi komið fram krafa af hálfu lögmanns stefnanda um, að málið yrði hafið, enda hafi láninu verið komið í skil og uppboðskostnaður greiddur.

Umboðsmaður Slippstöðvarinnar hafi lagt fram reikninga að fjárhæð kr. 431.072 vegna stöðu bátsins í dráttarbrautinni og sagt Slippstöðina h/f eiga haldsrétt í bátnum fyrir þeirri kröfu.

Þegar neitað hafi verið að hefja uppboðsmálið, hafi stefnandi krafist frests í einn mánuð, en er því var neitað, hafi hann krafist úrskurðar um það atriði og málið verið flutt um þá kröfu. Aldrei hafi þó verið kveðinn upp úrskurður um það atriði, en með samkomulagi aðilja hafi verið ákveðið, að uppboðið færi fram 11. nóv., enda hafi sölutilraunir á frjálsum markaði ekki borið árangur og stefnandi ekki séð, að hann hefði nokkurt bolmagn til að greiða þær kr. 590.358, sem Fiskveiðasjóður og Slippstöðin h/f kröfðust, ef falla ætti frá uppboðinu, enda hafi Jón Magnússon þá einnig verið orðinn aðili að uppboðinu með hátt veð.

Hafi þessu lyktað með því, að Fiskveiðasjóður varð hæstbjóðandi með kr. 100.000, en á því uppboðsþingi hafi það gerst, að krafa Slippstöðvarinnar hafi verið afturkölluð án skýringa. Þegar þarna var komið, hafi þeir Jón Magnússon og síðan stefndi tekið dóma fyrir kröfum sínum, enda höfðu veðkröfur þeirra þurrkast út við uppboðið. Nú liggi síðan fyrir beiðni um uppboð á fasteign stefnanda, Strandgötu 23, vegna þessara krafna.

Í málinu er lögð fram aðiljaskýrsla stefnanda, og segir þar m. a.: „Það er upphaf máls þessa, að síðari hluta júnímánaðar 1974 kom ég að máli við Ásmund S. Jóhannsson út af einhverju máli, og barst þá í tal hjá okkur vera mín í Flatey á Skjálfanda og útgerðarmöguleikar þar. Segir Ásmundur mér, að hann hafi í umboðssölu góðan bát, sem væri mjög hentugur fyrir mig og fengist á vægu verði og góðum greiðsluskilmálum, og spurði, hvort ég hefði áhuga. Ég gat ekki neitað því, að ég hefði vissan áhuga og ef báturinn fengist á viðráðanlegu verði. Þá voru þrír drengir á mínum vegum, sem allir létu í ljós áhuga fyrir að komast yfir góðan bát til að stunda handfæraveiðar við Flatey. Ég er ekki sjómaður og alls ófróður um, hvernig menn bera sig til við bátakaup, vegna þeirrar vanþekkingar minnar var eftirleikurinn auðveldur að láta mig kaupa umræddan bát. Allt var til-sýndar gert til að auðvelda mér kaupin og aðeins átti að greiða kr. 300.000 árið 1974, og var sú upphæð sett á þrjá víxla, kr. 100.000 á hvern, en afgangurinn eins og samningurinn segir til um og ekki verður rakið hér.

Bátnum m.b. Sólbjörgu EA 142 var þannig lýst, að hún væri í fullkomnu lagi til að láta úr höfn til fiskveiða utan þess, að ganeringu í lestarbotni þurfti að endurnýja samkv. ósk fiskeftirlits. Haffærisskírteini var hampað framan í mig og vottorði dómkvaddra manna um ástand bátsins, eins og það var síðari hluta árs 1973, ég leit yfir þessi plögg án allrar tortryggni, og hefur því flest það, er þar stóð gengið inn í vitund mína sem staðreyndir um, að allt væri í besta lagi með umræddan bát, og samningar voru því gerðir á þessum forsendum 3. júlí 1974. Fylgífé bátsins, veiðarfæri o. fl., nýtt og notað, var að einhverju leyti talið upp í kaupsamningi og talið mikils virði og átti að vera í góðri geymslu í Hrísey og skyldi það afhent, þegar ég óskaði þess.

Þann 10. júlí 1974 lagði ég af stað á bátnum til Flateyjar. Ég vil taka það fram, að Haukur Benediktsson spurði oftár en einu sinni að því, hvort ég ætlaði ekki að fara að fara til veiða, og aldrei var minnst á, að eitthvað væri ógert af minni hálfu, til að svo mætti verða.

Ferðin gekk vel til Flateyjar, að vísu þótti mér leki bátsins mun meiri en honum hafði verið lýst, en huggaði mig við það, að báturinn hefði staðið uppi yfir veturinn og þetta mundi minnka aftur við veru bátsins á sjó. Eftir að ég kom til Flateyjar, hafði ég það mikið að gera við að koma okkur fyrir, að ekki var farið til veiða í rúma viku, og lá báturinn í Flateyjarhöfn. Stöð-

uga dælingu þurfti báturinn á hverjum degi, en ég var samt vongóður um, að þetta lagaðist. Margar smátrillur voru við eyna á þessum tíma og lágu inni á Flateyjarhöfn um nætur. Meðal eigenda voru tveir kunningjar mínir, þeir Óskar Hermannsson og Henning Jóhannesson (Óskar átti v.b. Valþór EA 210). Henn-ing þótti bátur sinn lítill til mikillar sóknar, t. d. á Grímseyjar-mið, og vorum við byrjaðir að tala um möguleika á því, að hann tæki bátinn af mér til útgerðar í ca 2 mánuði, og bauð ég svo hagstæð kjör, að hann taldi mjög athugandi að leggja sínum bát yfir þetta tímabil og gera minn bát út.

Þá gerðist það, að þá langaði til að skreppa heim og fengu nú bátinn lánaðan hjá mér í þá ferð. Þetta mun hafa verið um 20. júlí 1974. Þeir voru tvo sólarhringa í þessum túr, og eftir lýsingum þeirra þóttust þeir góðir að hafa komist lífs af úr bát-num. Þeir töldu allt vera að bátnum, sem hugsast gat, og lekinn það mikill, að stöðug dæling hefði verið nauðsynleg, bæði á keyrslu og í Akureyrarhöfn og þar hefði lekinn verið það mik-ill, að það hefði þurft að dæla í tímavís yfir þann tíma, sem stoppað var.

Á þeim tíma, er þeir félagar stoppuðu á Akureyri, komst Skipa-skoðun ríkisins í málið, trúnaðarmaður hennar, Árni Valmundar-son, tilkynnti þeim, að bátur þessi hefði ekki gildandi haffæris-skirteini og væri því ólöglegur á allan hátt og hefði aldrei haft skirteini á þessu vori og ekki leyfi til, að honum yrði rótað úr Akureyrarhöfn. Umræddir menn, er áttu báta sína í Flatey, hröð-uðu sér úr höfn í skjóli nætur og sögðu sínar farir ekki sléttar.

Komu allar þessar fréttir algjörlega flatt upp á mig, sem hafði verið í góðri trú um bátinn allt fram að þessu. Sá ég, að við svo búið mátti ekki standa og sendi því sambýliskonu mína í land gegnum Húsavík til að ná sambandi við Ásmund S. Jóhannsson til að mótmæla þinglýsingu á kaupsamningi þeim, er hann hafði í höndum, þar sem ég vildi, að gefnu tilefni, skila bátnum og fá samninginn endurskoðaðan í ljósi þess, er komið var fram. Jafn-framt bað ég hana fyrir bréf til Ásmundar, þar sem ég lýsti því yfir, að hefði ég vitað, að báturinn hefði ekki haffærisvottorð, hefði ég aldrei hugsað til þess að kaupa hann og óskaði nú endur-skoðunar á þessum málum öllum.

Sambýliskona mín, Gunnfríður Hreiðarsdóttir, Strandgötu 23, Akureyri, gerði allt, er hún gat til að ná sambandi við Ásmund og tókst að lokum að ná honum í síma og tjá honum óskir mínar.

Upplýsti Ásmundur hana um það, að samningi þessum væri búið að þinglýsa og væri ekki neinu þar um að þoka. Þar sem erindi hennar var þar með lokið á Akureyri, póstaði hún bréfið frá mér til Ásmundar og hélt til Flateyjar.

Því miður hef ég ekki nákvæmar dagsetningar, en um mánaðamótin júlí—ágúst 1974 gerði ég mér ferð á bátnum til Akureyrar til að tala við seljanda bátsins og fulltrúa Skipaskoðunarinnar. Ásmundur var ekki í bænum og ekki viðlit að hafa upp á honum, svo niðurstaða hjá mér var sú, að rétt væri, þar sem báturinn væri í minni umsjá, að reyna að fá á hann skoðun hjá lög-giltum aðila. Snéri ég mér því til Árna Valmundarsonar, sem áður er nefndur, og óskaði eftir skoðun á bátnum og búnaði hans. Fann hann bátnum flest til foráttu, og á umtali hans um téðan bát var helst að heyra, að hann hefði aldrei átt að verða til sem slíkur og skildi hann ekki, hvernig slík fleyta hefði nokkurn tím-ann öðlast haffærisskírteini, þar sem hann gæti ekki séð, að báturinn væri byggður eða útbúinn í nokkru samræmi við kröfur og reglugerð Skipaskoðunarinnar.

Útkoman úr þessari skoðun var þó sú, að báturinn fékk undan-þágu til fiskveiða í næstu 2 mánuði. Gaf Árni út vottorð þar að lútandi, en á því stóð þó ekki nema lítill hluti þeirra athuga-semda, er hann hafði munnlega látið í ljós við mig.

Eftir að ég kom í land um haustið 1974, kom ég oft að máli við Ásmund S. Jóhannsson, og þar sem við erum kunningjar, töluðumst við við af fullri hreinskilni um þessi mál, og bar ég það undir hann, hvort ekki væri rétt af mér að fara í riftunar-mál út af þessum kaupum, en hann taldi alltaf, að það myndi óþarft, þar sem hægt myndi að semja um málið án þess. Ekkert var því gert, og lá báturinn hér í Akureyrarhöfn.

Út af lánum þeim, er voru í Fiskveiðasjóði, fékk ég aldrei neina einustu tilkynningu um eitt eða neitt og hafi Haukur fengið þessar tilkynningar, kom hann engri þeirra á framfæri við mig.

Ég fór á vertíð til Flateyjar 15. mars 1975, og skömmu síðar frétti ég, að búið væri að taka bátinn og setja hann upp í slipp. Taldi ég víst, að þeir Haukur og Ásmundur stæðu að þessum að-gerðum og nú myndu þeir ætla að koma bátnum í verð. Þetta reyndist þó ekki svo vel, heldur var það Fiskveiðasjóður, sem svipti mig vörslu bátsins án þess að hafa nokkurn tímann sam-band við mig.

Fyrri hluta sumars 1975 var haldinn fundur að tilhlutan Ás-mundar S. Jóhannssonar í húsakynnum hans. Voru þar mættir

Jón Magnússon, Haukur Benediktsson og Einar M. Jóhannesson ásamt þrem lögfræðingum. Var rætt um á fundi þessum, hvernig best væri að ganga frá þessum hlutum. Fundur þessi fór að flestu leyti vinsamlega fram, og lýstu þeir Jón og Haukur því báðir yfir, að þeir væru reiðubúnir til að leggja sitt af mörkum, til að mál þetta leystist á viðunandi hátt. Í því sambandi var ákveðið, að lögfræðingur minn og fjárhaldsmaður, Hreinn Pálsson, skyldi greiða Fiskveiðasjóði þær afborganir, er komnar væru í gjalddaga, svo að við hefðum þá frekar frið til að ráða ráðum okkar. Hreinn Pálsson greiddi síðan Fiskveiðasjóði áfallnar afborganir, en gáði ekki að því að tryggja sér um leið, að þeir þegðu til næsta gjalddaga. Stuttu eftir að Hreinn hafði greitt téðar afborganir, virðist Fiskveiðasjóður hafa sagt upp öllum lánum og heimtaði uppboð á bátnum. Eftir það varð ekki við neitt ráðið.“

Skýrslu sína hefur stefnandi staðfest fyrir dóminum og skýrir svo frá, að morgun einn hafi báturinn verið orðinn talsvert siginn af sjó, þar sem hann lá í Flateyjarhöfn. Reyndist töluverður sjór kominn í bátinn, aðeins upp á vél, en gekk þó ekki inn í hana, þannig að vélin varð ekki fyrir skemmdum, hins vegar skemmdist rafbúnaður eitthvað.

Segir stefnandi, að ástæða þessa hafi verið sú auk leka á bátnum, að hann muni óvart hafa komið við lensikrana bátsins, þannig að hann opnaðist eitthvað. Segir hann, að komið hafi í ljós, að frágangi á krana þessum var mjög ábótavant, þannig að hann gat opnast við minnstu snertingu. Segir hann, að þetta hafi verið eitt meðal þeirra atriða, sem skipaskoðunarmaður gerði athugasemd við. Kveðst stefnandi hafa farið í ferðir á bátnum eftir þetta.

Stefnandi segist hafa skoðað bátinn lauslega, er kaupin voru gerð, hann hafi hins vegar ekki leitað aðstoðar annarra. Hann segist hafa staðið í þeirri trú, að haffærisskírteini það, sem honum var sýnt við kaupin, væri í gildi og athygli sín hafi ekki verið vakin á því, að svo væri ekki.

Stefnandi segir, að sér hafi verið sýnt dskj. nr. 27 (greinargerð Tryggva Gunnarssonar og Hallgríms Skaptasonar um ástand bátsins, sem síðar verður rakið), þegar kaupin fóru fram. Hann segir, að stefndi hafi lýst því yfir, að báturinn væri í fullkomnu lagi með þeim undantekningum, sem getið er um í kaupsamningi og aðiljaskýrslu hans.

Stefnandi kveðst ekki vita nákvæmlega, í hverju ágreiningur

stefnda og fyrri eiganda bátsins var fólgin umfram það, að hann hafi beinst að leka á bátnum. Segir stefnandi, að seljandi hafi upplýst sig um tilefni þess, að skoðun fór fram á bátnum í október 1973, hafi sér verið sagt, að skoðunin hafi farið fram í þeim tilgangi að kanna möguleika á málshöfðun á hendur fyrri eiganda hans vegna vanefnda hans á ástandi bátsins.

Í greinargerð lýsir stefndi málsatvikum m. a. svo, að með samningi 27. apríl 1973 hafi hann keypt vélbátinn Sólbjörgu, ÓF 47, fyrir kr. 1.800.000 af Jóni Magnússyni og fengið afsal sama dag. Umdæmisbókstafir bátsins hafi orðið EA 142.

Hinn 27. september 1973 hafi hann beiðst dómkvaðningar matsmanna, sem skyldu tjá sig um eftirfarandi: „Þess er óskað, að þér, herra héraðsdómari, dómkveðjið tvo hæfa og óvilhalla menn til þess að skoða bátinn með tilliti til lekans, með tilliti til búnaðar og sjóhæfni bátsins, mæli það og tjái sig um upphaflegt smíðaár bátsins.“ Ástæðan hafi verið sú, að stefndi hafi talið sig hafa orðið varan við fúa í byrðingi og að báturinn væri lekur. Jafnframt hafi verið misræmi í skjölum um stærð og smíðaár bátsins.

Matsmenn hafi skilað niðurstöðum. Um stærð og smíðaár hafi þeir ekki tjáð sig, svo máli skiptir, en ekki hafi þeir talið vera leka á byrðingi. Hins vegar væri hann meyr, þar sem hann var vatnssósa. Þeir hafi talið bátinn vera byggðan upphaflega sem hringnótábát og þar af leiðandi gisseymdari og grannbentari en venja sé til um dekkada mótorbáta af þessari stærð og talið, að um tognun á saum væri að ræða, sem gæti leitt til leka. Þessar hafi verið helstu niðurstöður matsmanna, sem báðir séu skipasmíðir, og með hliðsjón af því hafi stefndi ekki talið sig eiga rétt á hendur viðsemjanda sínum og samningar ekki tekist.

Með kaupsamningi, dagsettum 4. júlí 1974, hafi stefndi selt stefnanda bátinn fyrir kr. 1.900.000, enda þá lagfært bátinn og endurbætt. Í kaupsamningi sé svofellt ákvæði: „Báturinn afhendist í því ástandi, sem hann er, og er kaupanda kunnugt um ágreining seljanda og fyrri eiganda varðandi ástand bátsins. Þá er honum kunnugt um leka á bátnum.“

Haffærissskírteini hafi síðast verið gefið út í Ólafsfirði 25. apríl 1973. Áður en stefnandi hafi tekið við bátnum úr hendi stefnda, hafi báturinn ýmist legið við bryggju eða verið í slipp frá septembermánuði 1973, eða í 9 mánuði, og ekkert verið notaður. Þetta hafi stefnandi vitað.

Fyrir dómi skýrir stefndi svo frá, að 9. september 1973 hafi

kjalsíða bátsins brotnað og hafi hann þá lagt bátnum og sett hann í viðgerð í Hrísey. Segir hann, að eftir það hafi báturinn ekki verið notaður, þar til salan til stefnanda fór fram.

Laust fyrir áramótin 1973—1974 hafi báturinn verið fluttur til Akureyrar og settur þar á land, þar sem hann hafi staðið, þar til skömmu áður en salan fór fram. Á þeim tíma, sem báturinn stóð uppi, kveðst stefnandi hafa málað hann og sett í hann nýjan alternator, þá hafi hann einnig reynt að þétta bátinn, en með litlum árangri. Hann segist enn fremur hafa sett í hann nýja rafgeyma fyrir handfærarúllur. Hann kveðst hafa stundað handfæraveiðar á bátnum frá því í maí til september 1973. Segir hann, að báturinn hafi lekið og hafi þurft að lensa hann einu sinni á dag. Hafi lekinn verið meiri, þegar báturinn var á siglingu en þegar hann lá í höfn. Hann segir, að ekki hafi tekist að finna út, af hverju lekinn stafaði, þrátt fyrir tilraunir í þá átt. Hann segist hafa leitað álits skipasmiðs í Hrísey, Ólafs Bergsveinssonar, á ástandi bátsins í ágúst 1973 og hafi Ólafur gefið lýsingu á bátnum mjög á sama veg og diskj. nr. 10 (vottorð skipaefirlitsmanna, sem síðar verður rakið). Kveðst stefndi hafa skýrt stefnanda frá þessu við sölu bátsins.

Stefndi segir, að skömmu áður en hann hafi selt stefnanda bátinn, hafi hann verið búinn að leigja hann þeim Stefáni Traustasyni og Einari Ottesen, þó með þeim skilmálum, að leigan félli niður, ef hann seldi bátinn. Hafi þeir verið að undirbúa bátinn til veiða, látið skoða björgunarbátinn og málað lestina. Hafi þá komið í ljós, að kolsýringur var í gólfi lestarinnar, og hafi ætlun þeirra verið að skipta um viði í gólfinu. Stefndi segist hafa gert kröfur á fyrri eiganda út af leka bátsins og yfirbyggingu. Segir hann, að við þann ágreining sé átt í kaupsamningi. Stefndi segir, að hann hafi verið búinn að afhenda þeim Einari og Stefáni lyklana að bátnum, en kveðst ekki vita, hvort þeir hafi farið á sjó á bátnum.

Stefndi segir, að fylgifé það, sem geymt hafi verið úti í Hrísey, hafi hann fengið með bátnum, en aldrei notað. Segist hann hafa tekið það fram við kaupanda, að geymslumaður vildi losna við hluti þessa sem allra fyrst. Segir hann, að stefnandi muni aldrei hafa tekið munina og muni geymslumaður, Ólafur Bergsveinsson, hafa selt eitthvað af þessu, en hent öðru. Hann kveðst ekki geta tilgreint verðmæti þessa fylgifjár.

Stefndi kveðst hafa fengið tilkynningar frá Fiskveiðasjóði um gjaldfallnar greiðslur, eftir að hann seldi bátinn. Kveðst hann

hafa komið tilkynningum þessum til Ásmundar S. Jóhannssonar. Segir mættur (sic), að Ásmundur hafi tekið að sér að hafa nafnaskipti á lánum hjá Fiskveiðasjóði.

Stefndi segir, að báturinn hafi ekki verið settur í slipp 1975 að sinni beiðni, en Jón Guðmundsson hjá Vélbátatryggingunni hafi haft samband við sig og sagt sér, að ógreidd væru iðgjöld og vegna öryggis bátsins yrði að taka hann upp í slipp. Kveðst stefndi hafa skýrt Jóni frá því, að hann væri búinn að selja bátinn, og vísað á stefnanda. Stefndi kveðst hafa tekið það fram við söluna, að báturinn væri þá óskoðaður.

Í september 1975 framkvæmdi Árni Valmundsson skipaæftirlitsmaður skoðun á bátnum. Í skýrslu hans, sem lögð er fram í málinu, segir: „Vélaskoðun: 1. Endurbæta þarf festingu á olíugeymum. 2. Ganga þarf frá olíulögnum skv. reglum. 3. Lagfæra þarf sjó- og austurslagnir. 4. Frágangur á raflögnum er ófullnægjandi og þarf að endurnýja. 5. Frágangur á rafgeymum lélegur, og ganga þarf frá startgeymi skv. reglum.

Vél bátsins er nýleg, en ekki er mögulegt að gera sér fulla grein fyrir ástandi hennar, nema taka hana eitthvað í sundur til skoðunar.“ Skýrsla þessi er lögð fram sem dskj. nr. 9.

Árni Valmundsson hefur komið fyrir dóminn og staðfest skýrslu þessa. Skýrir vitnið svo frá, að verið geti, að hann hafi gefið stefnanda undanþágu um skamman tíma, áður en skoðun samkv. vottorðinu fór fram, en kveðst þó ekki muna eftir því. Hann kveðst ekki muna, hvort hann hafi haft afskipti af bát þessum, áður en framangreind skoðun fór fram. Vitnið kveðst ekki hafa haft afskipti af því, er báturinn var tekinn í slipp fyrri hluta árs 1975. Vitnið kveðst ekki minnst þess, að neitt væri athugavert við botnkрана, hins vegar hafi leiðslur verið gúmmíslöngur, sem séu ekki viðurkenndur frágangur, þar sem þær bæði geti losnað frá og farið í sundur. Vitnið kveðst jafnframt hafa framkvæmt skoðun á búnaði í september 1975 og kveðst telja, að búnaði hafi verið áfátt, en ekki muna, hvort hann gerði sérstaka skoðunarskýrslu um það atriði. Segir hann, að margt hafi verið athugavert, m. a. hafi báturinn ekki verið rétt merktur, seglabúnaður, möstur og ljósabúnaður hafi ekki verið samkv. reglum, slökkvitæki hafi vantað og margt fleira verið að. Segir vitnið, að ef bátur standist ekki þær kröfur, sem gerðar séu við skoðun skoðunarmanna, leiði það sjálfkrafa til þess, að bátur sé ekki talinn haffær og fái ekki útgefið haffærisskírteini.

Vitnið kveðst ekki kannast við, að báturinn hafi verið stöðvað-

ur 1974, er hann kom til Akureyrar frá Flatey, eins og stefnandi hefur haldið fram.

Magnús Bjarnason skipaskoðunarmaður skoðaði bátinn í sept. 1975. Í skýrslu hans, dags. 14. september 1975, sem lögð er fram sem dskj. nr. 10, segir svo: „Skv. meðfylgjandi beiðni, dags. 9. september 1975, hef ég gert sérstaka aukaskoðun á bol vélbátsins Sólbjörgu EA 142, þar sem báturinn stendur í slipp á Akureyri. Vísitala bátsins mun vera sem næst 9.70, og er við það miðað við skoðunina. Í útsúð bátsins eru 10—12 borð rifin og ónýt, 3 svigabönd eru milli þrama, 6 cm x 20 mm, á að vera 7.5 cm x 24 mm, ekkert aukaband er milli húfa, á að vera 1 stk. 7.5 cm x 30 mm. Bandabil frá miðju á miðju er 36 cm, á að vera 33 cm. Engir botnbitar eru undir svigaböndum nema í stafnklefa. Á bilinu frá vél og framundir mastur eru 3 niðurhögnir botnbitar, húfsíur engar og bjálkasúð svo til engin, aðeins listar í pörtum undir bitum. Þilfarsbitar 7 x 7 cm, en á að vera 9 x 10 cm, bitahné úr járn. Þilfarið sett saman á tveim stöðum þvert yfir bátinn. Kjalbak nær fram á vél og næstum fram að mastri, á því bili eru 7 kjalboltar, óvíst um aðra boltun. Ekki hefur hnoðsaumur verið skoðaður, en skv. reynslu í öðrum bátum virðist notkunaraldur hans að nálgast hámark miðað við byggingarár bátsins, nema um endurseymingu sé að ræða. Reisnir bátsins eru neðan við allar lágmarkskröfur.“

Skýrslu þessa hefur vitnið staðfest hér fyrir dóminum. Skýrir vitnið svo frá, að það hafi ekki haft afskipti af bátnum, áður en skoðun þessi fór fram. Segir vitnið, að báturinn hafi aldrei fullnægt reglum til að fá útgefið haffærisskírteini.

Eins og áður er fram komið, voru þeir Tryggvi Gunnarsson og Hallgrímur Skaptason skipasmiðir dómkvaddir til þess að skoða bátinn að beiðni stefnda, og er skýrsla þeirra um skoðunina dags. 20. október 1973, lögð fram í málinu sem dskj. nr. 27. Í skýrslu þeirra segir:

„1. Varðandi stærð bátsins teljum við okkur ekki fært að véfengja alþjóðamælibréf, en viljum hins vegar benda á, að í skipaskrá 1973 er báturinn skráður 11 tonn brúttó, og mun það til komið vegna þess, að ef báturinn mælist broti úr tonni skv. alþjóðamælibréfi, þá er annað hvort hækkað upp eða lækkað eftir því sem við á við skráningu bátsins á skipaskrá. 2. Skoðun okkar leiddi í ljós, að báturinn er upphaflega byggður sem hringnótabátur í Hafnarfirði, nánar tiltekið í Skipasmíðastöðinni

Bátalóni. Byggingarár bátsins verður ekki ákvarðað við skoðun, en við eftirgrennslan og með samtölum við forstöðumenn Bátalóns verður að telja líklegt, að byggingarár bátsins sé 1959, en þess skal getið sem fyllri upplýsinga, að síðast voru byggðir hringnótabátar í Bátalóni árið 1960, að sögn forráðamanna. 3. Þann 9. október var báturinn skoðaður í fjöru og skv. dómkvaðningu leitað að fúa í byrðingi. Skoðun leiddi í ljós, að ekki er um fúa í byrðingi að ræða, en hins vegar reyndist byrðingur mjög meyr vegna þess, hversu vatnssósa hann er. 4. Ekki verður eftir skoðun fullýrt, hvar leki er, en benda má á, að báturinn var upphaflega byggður sem hringnótabátur og þar af leiðandi gisseymdari og granntbentari en venja er til um dekkada mótorbáta af þessari stærð, og getur þar af leiðandi verið um tognun á saum að ræða, sem getur aftur á móti leitt til leka. 5. Sjóhæfni bátsins munum við ekki efast um, en áreiðanlega mun hann vera erfiður á móti, sem komið hefur enda greinilega í ljós á því, að kjalsíða b.b. fremst er sprungin og hefur verið „löppuð“ að innanverðu. 6. Búnaður bátsins virtist okkur uppfylla kröfur Siglingamálastofnunar ríkisins um báta af þessari stærð og gerð, en ekkert þar fram yfir.“

Skoðunarmenn þessir hafa komið fyrir dóminn og staðfest skýrslu sína.

Vitnið Tryggvi Gunnarsson skýrir svo frá, að þeir skoðunarmenn hafi ekki mælt þykkt banda eða bil á milli þeirra, hafi skoðun þeirra aðeins beinst að þeim atriðum, sem til hafi verið tekin í dómkvaðningu. Vitnið segir, að þeim skoðunarmönnum hafi verið ljóst, að báturinn uppfyllti ekki þær kröfur, sem gerðar væru til nýsmíði á sama tíma. Segir vitnið, að hringnótabátar, sem byggðir voru upp, hafi yfirleitt ekki uppfyllt þær kröfur, sem gerðar voru til nýsmíði, en þrátt fyrir það hafi þeir fengið haffærisskírteini Siglingamálastofnunar. Segir vitnið, að átt sé við þær kröfur, sem Siglingamálastofnun geri í raun til slíkra báta, en ekki þær kröfur, sem gerðar voru til nýsmíði, þar sem þeir matsmenn telja bátinn fullnægja kröfum Siglingamálastofnunar. Vitnið segir, að með búnaði bátsins sé átt við legufæri, segl, siglingaljós og þess háttar. Vitnið segir, að með sjóhæfni báts sé átt við hegðan báts í sjó, en ekki styrkleika hans eða byggingarlag. Vitnið segir, að þeir skoðunarmenn hafi ekki orðið varir við, að borð í byrðingi bátsins væru rifin, þegar þeir skoðuðu bátinn.

Vitnið Hallgrímur Skaptason segir, að báturinn hafi ekki uppfyllt kröfur Siglingamálastofnunar, eins og þær voru varðandi nýsmíði að því er varðaði styrkleika og fleira. Hins vegar hafi báturinn uppfyllt þær kröfur, er gerðar voru til báta af þessari gerð á þeim tíma. Vitnið segir, að þeir skoðunarmenn hafi ekki séð aðrar rifur á byrðingi en þær, sem getið er um í lið 5 í matsgerð þeirra.

Jón Stefán Reykjalín Magnússon, sem seldi stefnda bátinn, hefur borið vitni í málinu. Kveðst vitnið hafa á árinu 1967 keypt nótabát af Þorláki h/f í Þorlákshöfn, en báturinn hafi verið á Dalvík, en þar hafði hann þá staðið uppi í nokkur ár. Segir vitnið, að báturinn hafi verið ónotaður. Vitnið kveðst hafa farið með bátinn út í Ólafsfjörð og sett í hann vél, sem hann hafi keypt austur á Vopnafirði. Verkið hafi verið framkvæmt af Vélaverkstæðinu Nonna, Ólafsfirði. Enn fremur hafi verið byggt yfir bátinn að aftan og sett á hann stýrishús. Kveðst vitnið hafa framkvæmt það verk sjálfur með aðstoð annarra manna. Kveðst vitnið meðal annars hafa leitað til bátasmiðs í Ólafsfirði, Williams Þorsteinssonar, og einnig til Magnúsar Bjarnasonar skipaefirtilsmanns varðandi verkið og farið eftir þeirra leiðbeiningum að öllu leyti. Að þessum endurbótum loknum kveðst vitnið hafa skráð bátinn sem opinn vélbát undir nafninu Sólbjörg, ÓF 47. Kveðst vitnið síðan ásamt syni sínum hafa stundað róðra á bátnum í 2 ár. Segir vitnið, að báturinn hafi reynst vel og enginn leki hafi þá verið á bátnum. Á árinu 1970—1971 kveðst vitnið hafa dekkað bátinn og síðan notað hann eftir það í tvö ár, en 1972 hafi verið skipt um vél í bátnum. Um haustið 1972 kveðst vitnið hafa sett bátinn í slipp á Siglufirði og þá látið setja skúffu framan á hann og aftan á hann og tólf tommu eikarkjöl neðan á hann. Um leið hafi verið sett kjölsvín í bátinn. Eftir þessa aðgerð kveðst vitnið hafa stundað línuróðra á bátnum um veturinn 1972 til 1973, þar til hann hafi selt Hauki Benediktssyni bátinn. Vitnið segir, að báturinn hafi ekki lekið neitt á þessum tíma, en hann hafi látið „kalfatta“ hann með kjalsíðunni, um leið og báturinn var í slipp á Siglufirði. Hafi virst eins og báturinn hafi slegið úr sér, hins vegar hefði enginn leki komið fram við það. Vitnið segir, að William Þorsteinsson og Magnús Bjarnason hafi fylgst með verkinu, þegar báturinn var dekkaður, eins og áður, þegar afturdekk og stýrishús var sett á hann. Vitnið tekur fram, að William Þorsteinsson hafi í upphafi skoðað bátinn, áður en nokkrar breytingar fóru fram á honum, og gefið

þær upplýsingar, að hann væri í lagi og enginn fúi væri í honum og allt í lagi með böndin. Vitnið segir, að Magnús Bjarnason hafi komið út í Ólafsfjörð 1971 og skoðað bátinn og mælt hann upp, eftir að hann var dekkaður, og hafi hann þá engar athugasemdir gert í samræmi við þær, er frá er skýrt á dskj. nr. 10. Hafi hann þá aðeins hreyft því, að kjölsvínið vantaði, en engar aðrar athugasemdir gert. Vitnið segir, að áður en haffæris-skírteini 1973 var gefið út, hafi Jón Frímannsson skoðað bátinn og gefið vottorð þar um í eftirlitsbók, en önnur skoðun hafi þá ekki farið fram. Vitnið skýrir svo frá, að 6. eða 7. september 1973 hafi Haukur komið á bátnum frá Grímsey til Ólafsfjarðar, og kveðst vitnið þá hafa ekið með veiðarfæri að bátnum og þá hafa séð, að sjór var í bátnum, og talið augljóst, að Haukur hefði sprengt hann með of mikilli keyrslu á móti. Kveðst vitnið hafa ráðlagt Hauki að fara með bátinn í viðgerð til Akureyrar. Vitnið kveðst hafa verið viðstatt, er Magnús Bjarnason skoðaði bátinn, sbr. dskj. nr. 10, og segir vitnið, að þau 10—12 borð, sem ónýtt reyndust, hafi ónýst við geymslu bátsins í Akureyrardokk af völdum íss og nudds við bryggjur og eftir það hafi báturinn staðið í slipp og borðin sprungið af þurrki og sól. Hafi legið ljóst fyrir, að þetta voru orsakir skemmdanna.

Óskar Hermannsson, sem minnst er á í skýrslu stefnanda, hefur komið fyrir dóminn og borið vitni. Kveðst vitnið hafa stundað róðra frá Flatey sumarið 1974 og segir, að stefnandi hafi þá komið með bát sinn Sólbjörgu til Flateyjar. Kveðst vitnið hafa verið búíð að skoða bátinn áður og einnig hafi hann skoðað hann, eftir að hann kom til Flateyjar. Segir vitnið, að ástand bátsins hafi verið mjög slæmt, bæði áður en stefnandi keypti hann og eftir. Segir vitnið, að bæði hafi verið mikill leki að bátnum og smíðagallar. Vitnið kveðst minnst þess, að báturinn hafi einu sinni sokkið í höfninni í Flatey, en kveðst ekki vita, af hvaða ástæðum. Vitnið kveðst minnst þess að hafa ásamt Henning Jóhannessyni fengið bátinn lánaðan í júlímánuði um sumarið og hafi þeir farið á honum til Akureyrar. Segir vitnið, að mikill leki hafi verið á bátnum í ferð þessari, hafi þeir sífellt þurft að dæla úr honum á leiðinni. Hafi þeir lagt honum í höfn á Akureyri seint að kvöldi til, en klukkan 9 morguninn eftir hafi sjór verið kominn upp að vél, en gott veður hafi verið.

Kveðst vitnið hafa hitt Árna Valmundsson á bryggjunni, þegar báturinn lá þar, og hafi Árni látið þau orð falla, að þessi bátur ætti ekki að fá haffæris-skírteini. Kveðst vitnið hafa rætt við

Árna um ástand bátsins og hafi þeir meðal annars talið, að of langt væri á milli banda, oft langt á milli í saum og báturinn væri svagur. Einnig hafi stýrishúsið o. fl. verið ónýtt.

Segir vitnið, að Árni hafi sagt, að báturinn fyllti engan veginn kröfur Skipaskoðunar ríkisins. Vitnið segir, að báturinn hafi verið notaður, eftir að hann sökk í höfninni í Flatey. Vitnið segir, að því hafi virst lekinn koma undan vélinni.

Eins og áður er fram komið, var báturinn seldur á nauðungaruppboði að kröfu Fiskveiðasjóðs, en áður hafði hann verið tekinn upp í slipp á Akureyri, og til að leita upplýsinga um aðild Fiskveiðasjóðs að þessu máli ritaði lögmaður stefnanda Fiskveiðasjóði bréf hinn 13. janúar 1977, sem lagt er fram sem dskj. nr. 43 í máli þessu, og lagði fyrir starfsmenn sjóðsins eftirfarandi spurningar:

- „1. a) Hlutaðist Fiskveiðasjóður til um, að Sólbjörgu, EA 142, var komið í slipp í marz 1975?
b) Ef svo var, var það þá gert að tilmælum einhvers annars og þá hvers?
2. Var eiganda tilkynnt um þá ákvörðun, með hverjum hætti þá og hver var sá eigandi (Einar M. Jóhannesson eða Haukur Benediktsson)?
3. a) Fór fram skoðun á bátnum í Slippstöðinni h/f?
b) Ef svo var, liggja fyrir vottorð eða skoðunarskýrslur?
4. a) Er Fiskveiðasjóði kunnugt um, hvers vegna reikningur Slippstöðvarinnar h/f vegna uppsáturs o. fl., sem lagður var fram í uppboðsrétti 24. október 1975 og nam kr. 431.072.-, var dreginn til baka í uppboðsréttinum 11. nóvember s. á., en umboðsmaður Slippstöðvarinnar h/f hafi lýst haldsrétti í bátnum?
b) Hefur Fiskveiðasjóður síðan verið krafinn um greiðslur á þeim reikningi?
5. Hvers vegna var báturinn (skrokkurinn) gefinn, til þess að hann yrði eyðilagður (brenndur), en þann 19. nóvember 1975 var hann auglýstur til sölu í vikublaðinu Degi á Akureyri?
6. a) Var vél bátsins seld sérstaklega, og ef svo var, hvert var verð hennar?
b) Var hún í lagi við söluna eða hafði verið gengið úr skugga um ástand hennar, eftir að báturinn komst í eigu Fiskveiðasjóðs?
7. Var sala bátsins til Einars M. Jóhannessonar einhvern tímann tilkynnt Fiskveiðasjóði og yfirtaka lána þar með samþykkt?“

Svarbréf Fiskveiðasjóðs er dags. 26. janúar 1977 og lagt fram í málinu sem dskj. nr. 44, og eru svör við framangreindum spurningum lögmanns stefnanda þannig:

- „1. a) Já.
b) Búið var að taka haffærissskírteini af bátnum og honum sagt upp tryggingu. Talað var við báða þessa menn og þeir látnir vita, að báturinn væri í reiðileysi og umhirðulaus í höfninni.
2. Nei.
3. a) Já, og ekki þurfti grannst að skoða til að sjá, hversu lélegt skipið var, enda gamall nótabátur.
b) Ekki liggja fyrir vottorð eða skoðunarskýrslur.
4. a) Nei, slíptakan fór fram á ábyrgð Fiskveiðasjóðs.
b) Reikningurinn hefur verið greiddur af Fiskveiðasjóði, að fengnum verulegum afslætti.
5. Bátnum var eytt á sem ódýrastan hátt, enda kom í ljós, þegar vélin var rifin úr, að botninn var ónýtur, borðin svört í gegn og ekki til naglhald og saumur ryðbrunninn.
6. a) Fiskveiðasjóður á vélina enn, hún þarfnaðist viðgerðar, þar sem hún hafði verið keyrð vatnslaus, og voru því sprungin á henni „heddin“, ennfremur hafi verið stolið utan af henni, t. d. rafal.
7. Nei, skjöl sjóðsins bera ekki með sér, að salan hafi verið tilkynnt.“

Lögð eru fram í málinu alþjóðamælibréf, haffærissskírteini og eftirlitsbók bátsins ásamt bréfi stefnanda til lögmanns stefnda, dags. 7. ágúst 1974, og eru skjöl þessi í samræmi við það, sem að framan er fram komið um efni þeirra.

Rökstuðningur stefnanda fyrir bótakröfum sínum er sá, að allur gangur þessara kaupa, sem sé með einsdæmum, beri þess vott, að hann hafi verið svo stórlega blekkur í kaupunum, ef ekki með sviksamlegum hætti, þá að minnsta kosti með stórfelldu gáleysi af hálfu stefnda, að hann geti með engu móti borið bóta-laust það tjón, sem hann þegar hefur orðið fyrir og sem nú vofir yfir vegna nauðungaruppbóðs á fasteign hans, sem von bráðar megi búast við, að fram fari.

Stefndi hafi átt bátinn um rúmlega eins árs skeið, keypt hann 27. apríl 1973 og muni á þeim tíma vafalaust hafa komist að raun um hið sanna, þ. e. að báturinn svaraði engan veginn til þess verðs, sem hann síðan seldi hann á, né heldur til þess útlits, sem hann í fljótu bragði hafði. Jafnframt hafi verið um þess

konar galla að ræða, sem duldust, nema fram færi allumfangsmikil skoðun kunnáttumanna og sé þar sérstaklega að nefna, að báturinn hafi á engan hátt verið til þess hæfur að byggja yfir hann og hefði því aldrei átt að fá haffærissskírteini og þar að auki hafi ýmiss konar frágangur í vél verið óhæfur og ólöglegur. Það sýni og, að stefndi hafi á engan hátt verið í góðri trú um ástand bátsins, að hann hafi ekki gert reka að því að gera bátinn haffæran, eftir að haffærissskírteini var út runnið, enda hafi hann sjálfsagt gert sér ljóst, að slíkt yrði ekki gert nema fyrir stórfé. Þannig sé ljóst, að í verulegum atriðum hafi stefndi leynt ástandi bátsins og ekki vakið sérstaka athygli stefnanda á því, að báturinn var ekki haffær. Stefndandi muni hins vegar hafa séð haffærissskírteinið, en ekki aðgætt það sérstaklega um gildistíma og tekið það eingöngu svo, að verið væri að sýna sér, að það væri fyrir hendi. Hann hafi heldur ekki fengið það í hendur, en e. t. v. hafi lögmaðurinn, sem samningsgerðina sá um, haft það.

Þá hafi það ekki auðveldað stefnanda tilraunir til að forðast það tjón, er varð við nauðungaruppbóðið, að stefndi hafi legið með í ca 3 mánuði sundurliðaðar kvittanir frá Fiskveiðasjóði vegna lánanna, er stefndandi hafi greitt þann 30. júní 1975, en þær kvittanir hafi borið með sér, að vegna einhvers misgánings starfsmanna Fiskveiðasjóðs hafi þeir ekki gefið lögmanni stefnanda, er annaðist um greiðslur af láninu, upp alla skuldina. Þetta skipti þó ekki sköpum, þar sem Fiskveiðasjóður hafi komið fram með slíku offorsi að heimta uppgreiðslu lánanna, enda hafi sú greiðsla, er á vantaði, þegar í stað verið boðin fram, en það hafi ekki vitnast um hana af hálfu stefnanda fyrr en á uppbóðsþingi 24. október. Þessi upphæð hafi verið kr. 8.266 auk dráttarvaxta. Raunar hafi Fiskveiðasjóður ekki snúið sér með neitt til stefnanda, er varðaði bátinn, heldur ætíð virst hafa tilkynnt til stefnda um hvaðeina og hafi t. d. Fiskveiðasjóður gert viðvart um ætlan þeirra að taka bátinn í slipp, hafi því verið beint til stefnda og ekki minnki það ábyrgð hans, hafi svo verið.

Stefndandi telji sig þann tíma, sem hann hafði bátinn, eða rösklega átta mánuði, en hann hafi verið tekinn úr umráðum hans þann 24. mars 1975, hafa reynt að sjá til þess, að hann færi ekki öllu verr en hann var þegar við móttöku hans á honum, en eftir að Slippstöðin tók við honum til þess eins að hlaða á hann stórfé fyrir uppsátur, hafi öllu útliti stórhrað og í september eða október, er lögmaður stefnanda hafi skoðað bátinn í Slippstöð-

inni, hafi hann meira og minna verið opinn, búið hafi verið að stela úr honum rafmagnshandfærarúllum (tveimur) og ástandið ömurlegt.

Af því, sem að framan sé rakið, sé ljóst, að bátnum hafi í mjög veigamiklum atriðum verið ábótavant. Ástandi hans, sem ekki mátti sjá við skoðun, hafi verið leynt og sofandaháttur stefnda í því að tilkynna um framvindu mála af hálfu Fiskveiðasjóðs slikur, að ekki bæti málstað hans. Þegar stefndi hafi síðan sótt stefnanda til greiðslu skuldar, sem stefnandi hafi ekki getað brugðist við með öðrum hætti en fá fram bætur fyrir allt það tjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir, en hefði ella látið kyrrt liggja, ef ekki hefði verið að honum sótt, hafi málshöfðun orðið eina leiðin.

Sýknukröfu sína rökstyður stefndi með því, að stefnandi hafi ekki með rökum undirbyggt bótarétt sinn á hendur stefnda. Því sé mótmælt, að stefndi hafi beitt stefnanda svikum við gerð kaupsamnings. Stefndi hafi sýnt stefnanda haffærisskírteinið og matsgerðina og í kaupsamningnum sé fyrirvari um ástand bátsins og ágreining milli stefnda og Jóns Magnússonar. Meðferð stefnanda á bátnum eftir afhendingu hans sé sér óviðkomandi, en fljótlega eftir að stefnandi hafi tekið við bátnum, hafi hann sokkið við bryggju í Flatey og sé ekki fyrir það séð, hverjar skemmdir hafi hlotist á vél og búnaði bátsins, einkum rafbúnaði. Þá hafi báturinn legið í hirðuleysi í Akureyrarhöfn. Aðrar mótbárur í greinargerð stefnanda séu of seint fram komnar, svo sem um vanefnd hafi verið að ræða af hálfu stefnda varðandi afhendingu veiðarfæra, enda algerlega ósönnuð.

Sýknukrafan sé enn fremur á því byggð, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir því tjóni, sem krafan er talin spanna, þar sem hann hafi ekki greitt þær kröfur að neinu leyti og beri því skv. 2. mgr. 69. gr. einkamálalaga að sýkna að svo stöddu.

Af gögnum þeim, sem að framan er lýst, einkum vottorðum skipaeftirlitsmannanna Magnúsar Bjarnasonar og Árna Valmundssonar og vitnaframburðum þeirra svo og skoðanagerð og vitnaframburðum vitnanna Tryggva Gunnarssonar og Hallgríms Skaptasonar, þykir fullsannað, að mikið hafi vantað á, að ástand bátsins væri slíkt að gerð og búnaði, að hann fullnægði reglum Siglingamálastofnunar til að fá útgefið haffærisskírteini. Þá má ráða af gögnum málsins, að leki á bátnum hafi verið verulega meiri en stefnandi mátti búast við þrátt fyrir viðvörðun stefnda í kaupsamningi um, að leki væri á bátnum.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að kostnaður við að koma bátnum í það ástand, að hann fullnægði reglum Siglingamálastofnunar til að fá útgefið haffærisskírteini, sbr. dskj. nr. 10, hefði orðið fullt eins mikill og smíði nýs báts.

Af framansögðu er ljóst, að verulega hefur á það skort, að báturinn uppfyllti þau gæði, er ætla má, að tilskilin hafi verið af hálfu stefnanda, og mátti stefnda vera það ljóst, þá er kaupin fóru fram. Þykir stefndi því eiga að bera skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda í máli þessu sbr. 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922.

Stefnandi byggir sundurliðun á tjóni sínu á eftirfarandi bréfi bæjarfógetans á Akureyri, dags. 10. mars 1976:

„Með bréfum, dags. 9. þ. m., hefur Haukur Benediktsson, að undangengnum fjárnámum nr. 25—26/1976 og 12/76, krafist uppboðs á fasteign yðar Strandgötu 23, Akureyri, til lúkningar eftirtöldum skuldum: Fjárnám 25/1976: kr. 1.015.543.- með 2% mánaðarvöxtum frá 1. maí 1975 til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaði kr. 1.350.-, málskostnaði kr. 110.000.-, fjárnámskostnaði kr. 16.400.-, þinglýsingarkostnaði kr. 15.610.- auk alls uppboðskostnaðar. Fjárnám nr. 26/1976: kr. 628.497.- með 2% mánaðarvöxtum frá 15. september 1975 til greiðsludags, kr. 1.200.- í endurrits- og birtingarkostnað, kr. 70.000.- í málskostnað, kr. 6.800.- í fjárnámskostnað, kr. 10.400.- í þinglýsingarkostnað auk alls uppboðskostnaðar. Fjárnám nr. 12/1976: kr. 140.000.- með 2% mánaðarvöxtum af kr. 40.000.- frá 1. október 1974 til 31. des. 1974, en síðan af kr. 140.000.- til greiðsludags, kr. 700.- í afsagnar- og stimpilkostnað, kr. 22.500.- í málskostnað, kr. 12.100.- í fjárnámskostnað, kr. 3.680.- í þinglýsingarkostnað auk alls kostnaðar við uppboðið. Uppboðsauglýsing verður gefin út að viku liðinni og birt á venjulegan hátt.“

Að öðru leyti gerir stefnandi þá grein fyrir kröfunum, að samkvæmt framangreindri greinargerð verði krafan samkvæmt fjárnámi nr. 25/1976 með dráttarvöxtum pr. 1. apríl 1977 af kr. 1.360.762, krafa samkvæmt fjárnámi nr. 26/1976 með dráttarvöxtum pr. 15. apríl 1977 alls kr. 804.887 og krafa samkv. fjárnámi nr. 12/1976 með dráttarvöxtum pr. 1. apríl 1976 alls kr. 223.380, en samtals nemi þessar þrjár upphæðir kr. 2.389.029, eða stefnufjárhæðinni.

Stefnandi kveðst krefjast vaxta af kr. 1.057.543, en það sé annars vegar upphæð eftirstöðva skuldabréfs undir 5. lið kaupsamnings að viðbættum 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð (857.517 + 60.026 samtals 917.543), en hins vegar sé um að ræða eftir-

stöðvar víxla undir liðnum 3 og 4 í kaupsamningi, kr. 140.000, þessara vaxta sé krafist frá 1. apríl 1977 til 15. apríl, en þá bætist við kr. 628.497, sem sé upphæð skuldabréfsins undir lið 6 í kaupsamningi að viðbættum ársvöxtum til 15. september 1975.

Af framansögðu er ljóst, að hluti af kröfu stefnanda er vextir, eða kr. 334.249, hluti er málskostnaður og annar kostnaður vegna innheimtu krafanna, eða samtals kr. 270.740.

Að því er vaxtaliðinn varðar þykir eiga að hafa hann í huga við ákvörðun vaxta á tildæmda fjárhæð, en að því er málskostnaði o. fl. viðvíkur þykir stefnandi verða að bera tjón það sjálfur, þar sem það er afleiðing vanskila hans á skuldbindingum sínum, sem hann hefur ekki leitt nægjanleg rök að, að stefndi beri bótaábyrgð á.

Eins og að framan er rakið, var téður bátur seldur á uppboði fyrir kr. 100.000, sem ætla má, að gengið hafi til greiðslu skulda stefnanda auk greiðslu á uppboðskostnaði, að öðru leyti er ekki fram komið, að stefnandi hafi fengið neitt féfætt fyrir bátinn eða búnað hans. Er heildartjón stefnanda, sem hér þykir rétt að miða við, því kr. 1.800.000, þ. e. kaupverð bátsins, kr. 1.900.000, að frádregnum áðurnefndum 100.000 krónum, sem fyrir hann fengust.

Á það ber að líta, að þrátt fyrir framangreinda annmarka á bátnum var þar um nokkur verðmæti að ræða. Telja hinir sérfróðu meðdómsmenn möguleika á, að undanþága til veiða á bátinum hefði verið veitt yfir hásumarið án mikils tilkostnaðar, eins og fram er komið í málinu, að gert var. Þá má ráða af gögnum málsins, að vél bátsins var nýleg svo og að talsverður búnaður fylgdi honum auk veiðarfæra. Eins og að framan er rakið, hafa verðmæti þessi nú glatast stefnanda, og verður að telja hann sjálfan bera ábyrgð á því með vanhirðu sinni á bátnum og vanskilum á skuldum sínum.

Ekki liggur fyrir í málinu mat á því, hversu mikils virði verðmæti þessi voru, en hinir sérfróðu meðdómsmenn telja sig geta metið það eftir gögnum málsins. Telja þeir verðmæti báts og búnaðar hæfilega metið kr. 600.000, og verður stefnandi að bera þann hluta tjónsins sjálfur.

Er niðurstaða dómsins því sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 1.200.000 ($1.800.000 - 600.000$). Eins og vaxta-kröfu stefnanda er háttað, þykir mega dæma honum 9% ársvexti frá þeim degi, er kaupin fóru fram, eða 4. júlí 1974 til 16.

júlí 1974, en síðan 13% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags, hvort tveggja af 1.2 milljónum.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.000.

Dráttur á uppkvaðningu dóms þessa stafar af embættisönnum dómsformanns, sem hefur auk eigin embættis verið settur til dómsstarfa í nágrannaumdæmi undanfarið.

Dómsorð:

Stefndi, Haukur Benediktsson, greiði stefnanda, Einari M. Jóhannessyni, kr. 1.200.000 ásamt 9% ársvöxtum frá 4. júlí 1974 til 16. júlí s. á., en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 250.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.
